Fjármálavit

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Skil 3

Nú er aftur liðinn nokkur tími síðan við tókum stöðuna á eignasafninu okkar og kominn tími til að skoða stöðuna aftur.

1

Farðu í gamla skjalið sem þú sendir inn síðast og opnaðu flipann sem heitir **skil 3**. Settu inn í reitina sem heita **Fjöldi hluta** sömu tölu og var í skil 1. Í reitina sem heita **Gengi félags** og **Gengi dollars** átt þú að setja inn nýtt gengi á félögum og dollara þar sem það á við.

Ef þú hefur sett pening á bankareikning þarft þú að reikna út hversu mikla vexti þú hefur fengið. Einnig verður þú að segja hvað reikningurinn heitir sem þú lagðir inn á, í hvaða banka hann er og hversu mikla vexti hann gefur.

> **A.t.h.** vextirnir sem eru gefnir upp eru ársvextir og þú verður að taka tillit til þess að þú hefur bara geymt peningana hluta úr árinu á þessum vöxtum.

2

Reiknaðu út hversu mikið hver og ein fjárfesting hefur breyst (**hækkað eða lækkað**) í prósentum og heildarbreytingu í prósentum.

3

Nú er ekki endilega víst að það sama fáist fyrir milljón í dag og hægt var að fá fyrir milljón síðastliðinn september. Vísitala neysluverðs var í september **xxx** stig en er í dag **xxx** stig.

Sem þýðir að verðlag hefur almennt hækkað um **xxx%** á sama tíma. Til að vita hversu mikil raunhækkun eða lækkun varð á peningunum sem við geymdum verður að reikna það út með jöfnunni:

Jafna

$$\text{Raunvextir} = ((1 + \text{nafnvextir}) / (1 + \text{verðbólga})) - 1$$

Notið Excel-forritið til að reikna út raunhækkun eða lækkun þar sem **nafnvextir** er hækkun eða lækkun frá upphafi og **verðbólga** er 0,14%.